

Stefnandi, Sveinbjörn Árnason, Kálfsá, greiði stefndu, Kristjáni H. Jónssyni, Vesturgötu 10, Ólafsfirði, og Klemens Jónssyni, Ólafsvægi 7, Ólafsfirði, kr. 40.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1976.

Nr. 213/1976. **Flosi Jónsson**

gegn

Rannveigu Höskuldsdóttur.

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir **Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.**

Kærumál. Hjónaskilnaður. Fjárskipti. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Þorvarður K. Þorsteinsson, skiptaráðandi á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 2. október 1976, sem Hæstarétti barst 4. nóvember, hefur sóknaraðili, Flosi Jónsson, með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Ísafjarðar, uppkveðinn 3. september 1976, sem birtur var 23. s. m. Krefst hann þess, „að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og kyrrsetningu á andvirði bifreiðarinnar Í-1182 verði hrundið“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili, Rannveig Höskuldsdóttir, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Skiptaráðandi kvað upp úrskurð í máli þessu 24. maí 1976. Sá úrskurður var ómerktur með dómi Hæstaréttar 22. júní s. á. og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Af gögnum þess-

um kemur fram, að málsaðiljar hafa með kaupsamningi 1. október 1976 selt íbúð, er þau áttu, fyrir 3.600.000 krónur. Hafa því aðstæður breyst, síðan úrskurður skiptaréttar var kveðinn upp. Verður ekki séð nú, að brýn nauðsyn krefji, að skiptaráðandi haldi hinni umdeildu fjárhæð í sínum vörslum, til að hag varnaraðilja sé borgið, sbr. 63. gr. laga nr. 3/1878. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 3. september 1976.

Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður f. h. Rannveigar Höskuldsdóttur hefur krafist þess, að haldið verði í vörslu skiptaráðanda andvirði bifreiðarinnar Í 1182, kr. 1.100.000, en bifreið þessi var eign félagsbús hjónanna Rannveigar Höskuldsdóttur og Flosa Jónssonar, Hlíðarvegi 33, Ísafirði.

Hjónin mættu hér fyrir dómi hinn 25. júlí 1975 út af hjónaskilnaðarmáli, og var þá bókað, að þau mundu gera tilraun til að komast að samkomulagi um skiptingu eigna og skulda, en þegar útséð þótti um, að samkomulag mundi nást milli hjónanna um búskiptin, var bú þeirra tekið til opinberra skipta hér við embættið að kröfu lögmanns eiginkonunnar hinn 14. maí sl., en frestað var þá að taka afstöðu til kröfu lögmanns eiginkonunnar um að halda í vörslu skiptaráðanda andvirði bifreiðarinnar Í 1182, en skiptaráðandi ákvað að taka andvirði bifreiðarinnar, kr. 1.100.000, í sína vörslu til bráðabirgða, en ákvað jafnframt, að þessi þáttur málsins yrði tekinn til flutnings og úrskurðar föstudaginn 21. maí 1976. Þann dag, kl. 1500, var málið flutt fyrir skiptarétti Ísafjarðar, og síðan var málið tekið aftur fyrir til flutnings í sama rétti miðvikudaginn 25. ágúst sl., kl. 1400.

Þegar hjónin mættu hér fyrir dómi hinn 25. júlí 1975, voru eignir og skuldir búsins skrifaðar upp, og meðal eignanna var bifreiðin Í 1182, sem þá var metin af þeim hjónunum á kr. 950 þús. til kr. ein milljón. Síðar varð bifreiðin fyrir verulegu tjóni, og fengust tjónbætur greiddar frá tryggingarfélagi, kr. 1.100.000,

og eru það þessar tjónbætur, sem lögmaður eiginkonunnar krefst, að haldið verði í vörslu skiptaráðanda.

Við flutning málsins ítrekaði lögmaður eiginkonunnar fyrri kröfu um, að andvirði bifreiðarinnar Í 1182 verði haldið í vörslu skiptaráðanda og peningunum haldið sem tryggingu fyrir væntanlegum lífeyrisgreiðslum mannsins til konunnar. Þá krafðist hann og málskostnaðar. Vitnaði lögmaður konunnar í 63. gr. skiptalaga og taldi hag konunnar ekki borgið, nema peningarnir yrðu varðveittir í vörslu skiptaráðanda. Hélt hann því fram, að þessa væri krafist til þess að tryggja það, að hlutur konunnar úr búinu fengist greiddur.

Lögmaður eiginmannsins, Arnar G. Hinriksson héraðsdómslögmaður, gerði þær kröfur, að ekki yrði orðið við kröfunni um, að haldið verði í vörslu skiptaráðanda andvirði bifreiðarinnar Í 1182, og krafðist einnig málskostnaðar. Lögmaðurinn lagði áherslu á, að hér væri um atvinnutæki eiginmannsins að ræða og væri ekki verið að ráðskast með fé búsins, heldur komi eign fyrir eign. Engin hætta væri á, að misfarið yrði með féð, þar sem skiptaráðanda sé í lófa lagið að fylgja því eftir, að féð verði aðeins notað til kaupa á nýrri bifreið.

Málsaðiljar gengu í hjónaband þann 4. ágúst 1974, en höfðu áður búið saman frá árinu 1969 með hléum, að því er eiginmaðurinn heldur fram. Elsta barn þeirra er fætt 23. mars 1969.

Fram hefur komið, að eiginmaðurinn hefur leigubílaakstur ekki sem aðalstarf, heldur sem aukastarf, og hefur svo verið um alllangt skeið.

Skiptaráðandi hefur lagt áherslu á að flýta skiptum búsins, og fól hann fasteignasölum á Ísafirði að leita eftir tilboðum í fasteign búsins, þriggja herbergja íbúð að Hlíðarvegi 33, Ísafirði, strax eftir að búið var tekið til opinberra skipta hinn 14. maí sl.

Þegar engin tilboð bárust í fasteignina, og skiptaráðandi taldi litlar vonir til, að íbúðin seldist á frjálsum markaði, ákvað hann að selja íbúðina á opinberu uppboði hinn 20. september 1976, kl. 1400, og var birt auglýsing um uppboðið í 55., 56. og 57. tölublaði Lögbingingablaðsins 1976. Þar sem ekki hefur tekist að selja íbúðina á frjálsum markaði, og allar líkur benda til þess, að selja verði hana á opinberu uppboði, má búast við því, að litlir peningar fáiast út úr íbúðinni umfram kvaðir, sem á henni hvíla og munu vera milli 1.3 og 1.5 milljónir króna. Það fé, sem fyrir hendi yrði í búinu, gæti því orðið einungis þær kr. 1.100.000, sem hér er deilt um. Lítur skiptaráðandi svo á, að ekki sé öruggt, að þær kr.

1.100.000, sem eiginmaðurinn hefur krafist að fá afhentar til kaupa á annarri bifreið, næðust aftur í búíð, ef selja þyrfti þá bifreið síðar á opinberu uppboði.

Þó ekki verði fallist á þá kröfu lögmanns eiginkonunnar, að halda beri fyrrnefndri fjárhæð í vörslu skiptaráðanda til tryggingar lífeyrisgreiðslum til hennar úr hendi eiginmannsins, verður þó með hliðsjón af framansögðu að fallast á kröfu lögmanns hennar um að halda beri andvirði bifreiðarinnar Í 1182, kr. 1.100.000, í vörslu skiptaráðanda til þess að tryggja það, að hlutur konunnar úr búinu fái greiddur. Er þá stuðst við VI. kafla laga nr. 60/1972, VII. kafla laga nr. 20/1923 og 63. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Andvirði bifreiðarinnar Í 1182, eign félagsbús Rannveigar Höskuldsdóttur og Flosa Jónssonar, kr. 1.100.000, skal haldið í vörslu skiptaráðanda.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 20. nóvember 1976.

Nr. 218/1976. **Ákærvaldið**
 gegn
Guðjóni Skarphéðinssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. nóvember 1976, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður